

Lög

Nr. 47.
3. nív.

um

breytingu á lögum um útflutning hrossa 22. nív. 1907.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Í stað 2. málslíðar 2. gr. («Hross má eigi flytja . . . til ágústmánaðarloka») komi:
Hross má eigi flytja frá Íslandi til útlanda á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. júní,
og eigi á þilfari á öðrum tíma árs en frá miðjum júní til ágústmánaðarloka.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

Lög

Nr. 48.
3. nív.

um

breytingu á lögum nr. 33, 2. nív. 1914, um breytingu á
sveitarstjórnarlögum frá 10. nív. 1905.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Annar málslíður 1. greinar orðist svo:

Ef rekin er í hreppnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun eða einhver kaupskapur, eða þilbátaútgerð, þá má leggja á þá atvinnu aukaútsvar, þótt ekki sje rekin nema 8 vikur og atvinnurekandinn eigi heimili annarstaðar. Á hvalveiði, síldveiði með nót, á atvinnu útlendra skipa við verkun á síld á höfnum inni eða

Nr. 48. í landhelgi, laxveiðiafnot, ábúð á jörð eða jarðarhluta, leiguliðaaafnot af jörð, þótt engin 3. nóv. ábúð fylgi og lóðarafnot, sem einhvern arð gefa, má leggja útsvar, þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma. Á kaupfjelög eða pöntunarfjelög, má leggja útsvar, ef þau hafa leyst borgarabryf og hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S)

Einar Arnórsson.

Nr. 49.
3. nóv.

Lög

um

viðauka við sveitarstjórnarlög frá 10. nóv. 1905.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Kosningar til hreppsnefnda og sýslunefnda skulu fara fram með leynilegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefnd ákveður eða $\frac{1}{3}$ hluti kjósenda, sem á kjörskrá standa, óska þess, og skal þá farið eftir ákvæðum þessara laga, en ella sem áður eftir nógildandi lögum.

Ef hreppsnefnd ákveður leynilega kosning, skal hún auglýsa það 2 vikum fyrir kjörfund.

Sje óskin frá kjósendum, skal hún komin skrifleg til oddvita kjörstjórnar áður en 3 vikur eru liðnar frá því er kjörskrá lá fræmmi, sje um reglulega kosningu að ræða, en viku fyrir kjörfund, ef aukakosning á fram að fara.

Nú á að kjósa 2 eða fleiri menn í senn í hreppsnefnd og hefir þá hver kjósandi jafnmörg atkvæði sem þeir eru margir, er kjósa skal, og má hann þá greiða sama manni öll sín atkvæði, ella deila þeim, eftir vild, milli tveggja eða fleiri, eftir því hve marga þarf að kjósa.